



Námsgrein: Sköpun 1. bekkur

Vikustundir:

Kennari: Ragnheiður María Hannesdóttir og Rákel Guðmundsdóttir

Samstarfsfólk: Jenný Kjartansdóttir

Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
Ágúst - júní	<ul style="list-style-type: none"> Markmið kennslu í myndmennt er að nemendur þroski og þjálf hug og hendur, tjái eigin hugmyndir með viðeigandi vinnubrögðum í margskonar efnivið ásamt því að efla hugmyndaflug, sköpunarhæfileika og sjálfstæði. Jafnframt kynnast þau eiginleika hinna ýmsu efna sem unnið er með og tileinki sér hagkvæm og sjálfstæð vinnubrögð. 	Fræðsla og verkefni	Ýmis verkefni unnin eftir viðfangsefni hverju sinni.	<p>Við mat á verkefnum verður tekið mið af hæfniviðmiðum í aðalnámskrá og skólanámskrá.</p> <ul style="list-style-type: none"> Fylgir fyrirmælum Umgengi Hegðun Sjálfstæð vinnubrögð
	<ul style="list-style-type: none"> þekki muninn á grunnformum og náttúrulegum formum þekki mismunandi myndgerðir m.t.t. tækni, t.d. málverk, teikningu, þrykk, ljósmynd, stytta o.s.frv. í tengslum við það verkefni sem unnið er hverju sinni læri vönduð vinnubrögð 	Fræðsla um mismunandi tegundir sjálfsmýnda. Nemendur fá spegil og skoða andlit sitt og eiga að teikna það sem þau sjá í speglinum	Sjálfsmynd Nemendur gera sjálfsmynd að hausti og aftur að vori	
	<ul style="list-style-type: none"> Nánasta umhverfi og litir haustsins skoðaðir. 	Nemendur tína laufblöð á skólalóðinni og nota þau í listsköpun	Haustmynd Börnin skoða ýmis form og liti laufblaðana og búa til haustverk með þeim litum sem einkenna laufblöðin á haustin.	

Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
	<ul style="list-style-type: none"> Þekki frumlitina og geti gert einfaldar litablöndur. Geti nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði. 	Innlögn um frumliti og litablöndun	Nemendur blanda liti út frá frumlitum og búa til verk.	
	<ul style="list-style-type: none"> Þekki grunnformin og geti beitt þeim í myndgerð. Geti nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði. 	Innlögn um grunnform og hvernig má raða þeim saman. Sýnikennsla	Klippimynd úr grunnformum í grunnlitum. Nemendur fá lituð blöð í frumlitunum og klippa út grunnform og búa til klippimynd.	
	<ul style="list-style-type: none"> Geti unnið út frá kveikju við eigin listsköpun. Geti tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt. 	Kennari les frásögn sem tengist hrekkjavöku	Mynd eftir frásögn tengdri hrekkjavöku. Nemendur hlusta á stutta sögu og teikna mynd eftir upplifun sinni.	
	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur kynna sér mismunandi myndgerðir til dæmis ljósmynd, teikning, málverk og styttur 	Ýmsar útgáfur af jólakettinum skoðaðar og ræddar með tilliti til lýsinga í kvæðum Jóhannesar úr Kötlum.	Nemendur fá frjálsa aðferð við að skapa sinn jólakött. T.d. að teikna, mála, klippa út og fleira.	
	<ul style="list-style-type: none"> Mótun þrívíddarverks Geti nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði. 	Fræðsla um leir og meðhöndlun hans.	Leira skál eða blómapott með fingraaðferð. Notaður er sjálfharðnandi leir. Að lokum skreytt með málningu.	
	<ul style="list-style-type: none"> Að nemendur þekki hugtakið áferð Geti nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði. 	Innlögn um áferð og hvernig hægt sé að nýta það í listsköpun.	Nemendur gera klippimynd úr pappír með mismunandi áferð	



Tími	Hæfniviðmið/Viðfangsefni Markmið	Kennsluhættir	Verkefni/Námsefni	Mat á námsþætti/afurð
	Þekki helstu listaverk í nærumhverfinu og fræðist um listamennina sem gerðu þau.	Útikennsla	Nemendur fara í gönguferð og kynnast listaverkum bæjarins. Teikna mynd úr ferðinni eftir því hvað veitti þeim innblástur.	

Niðurstöður úr einstökum þáttum námsmatsins eru birtar á mentor.is undir námsmat.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga á áætlun.